Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla

Miðvikudagurinn, 01.12.2021

Fimmti stjórnarfundur foreldraféags Helgafellsskóla.

Contents

Stjórnarfundur Foreldrafélags Helgafellsskóla 1
Upphaf fundar 1
Mættir: 1
Jólagjafir 1
Klára Halloween budget 1
Facebook grúbba fyrir Foreldrafélagið 1
Fyrirlestur með Ingva Hrannari 2
SAMMOS 2
Lagfæringar á skólalóðinni 2
Vinahópar 2
Aðgerðir eftir fund 2

Upphaf fundar

Fundurinn var haldinn á Zoom

Mættir:

Ólafur Dan, Sunna Ósk, Sonja Petra, Jóna og Gunnar Ingi.

Ritari fundargerðar var Gunnar Ingi

Ólafur setti fundinn og stuttlega farið yfir dagskrá fundarins.

Jólagjafir

Keyptir voru íþróttapokar sem jólagjöf frá foreldrafélaginu. Bakki kostar framleiðsluna á pokunum. Rætt var hvað getur farið í pokana. Það þarf að passa fyrir 1 – 8 bekk. Athuga með bækur. Líklega best að tala beint við forlögin.
Svo þarf að bóka dag til að setja í pokana og afhenda þá.

Klára Halloween budget

Leikskólinn óskaði eftir leyfi til að klára Halloween budgettið sitt í endurskinsvesti. Það var samþykkt.

Facebook grúbba fyrir Foreldrafélagið

Gera Facebook hóp fyrir foreldrafélagið og þar er hægt að miðla upplýsingum hratt til foreldra. Fá link á hópinn inn á vef skólans.

Fyrirlestur með Ingva Hrannari

Fundarstjórn verður hjá foreldrafélaginu. Setja reglurnar um að vera á mute og hvernig er hægt að bera upp spurningar. Formaður vor tekur fundarstjórnina.

SAMMOS

Stutt yfirferð á því sem var rætt á SAMMOS fundi.

- Feluleikurinn með umræðuna um gula herbergið var ræddur og gagnrýndur.
- Uppsetning á myndavélum á Stekkjarflöt var rædd á fundi SAMMOS en fékk ekki góðan hljómgrunn hjá bæjaryfirvöldum.
- Rætt var hvort Mosfellsbær ætlaði ekki að taka afdrifaríkari skref í takt við það sem Reykjavíkurborg er að gera varðandi sérhæfða þjónustu. Eins og t.d. klárir krakkar sem hægt er að sækja á heilsugæslustöðvunum eða Betri Svefn.

Lagfæringar á skólalóðinni

Búið að setja upp tjald og blásara til að laga loksins leikskólalóðina. Mikil ánægja með það.

Vinahópar

Stuttlega farið yfir vinahópana sem hafa verið settir upp og til stendur að setja upp hjá fleiri bekkjum. Atvik rætt þar sem dræm mæting hafði neikvæð áhrif á upplifun nemenda í einum árgangi.

Aðgerðir eftir fund

- Tala við Fyrirtæki um mögulegar gjafir í pokana
    - Forlagið – **Gunnar**
    - Króníka – **Sunna**
    - Setberg – **Sonja**
    - Nói Siríus – **Sunna**
    - Edda útgáfa – **Sunna**
    - Nettó - **Sonja**
- Tala við Rósu – **Jóna og Sunna**
    - Fjöldi nemenda niður á árgang/bekk
    - Hvenær og hvernig getum við dreift jólagjöfnum.
    - Taka fram að það verði ekki jólaskemmtun
    - Setja link á Facebook hóp foreldrafélagsins á vefinn
    - Taka fram að það verði ekki jólaföndur
- Gera Facebook hóp fyrir foreldrafélagið - **Sunna**
- Skrifa texta fyrir fyrirlesturinn með Ingva Hrannari – **Sunna**